

Af hverju framleiðum við landbúnaðarafurðir á Íslandi?

- Stefnur stjórnvalda um sjálfbærni, fæðuöryggi og þjóðaröryggi.
- Fjárfesting í landbúnaði eykur áfalla- og viðnámsþol landsins.
- Lög gera ráð fyrir að framleitt sé hið minnsta upp í innanlandsþarfir.
- Framboð erlendis á tilteknum afurðum hefur á undanförunum árum verið vandamál, s.s. egg vegna fuglaflensufaraldurs á þessu ári.
- Vatn til framleiðslu er orðin takmörkuð auðlind í mörgum viðskiptalöndum okkar.
- Notkun sýklalyfja og plöntuvarnarefna (t.d. skordýraeitur) hér á landi er aðeins brot af því sem þekktist í Evrópu og öðrum viðskiptalöndum okkar.
- Með innlendri framleiðslu hafa stjórnvöld mun meira um það að segja hvaða kröfur eru gerðar til matvælaöryggis og lýðheilsusjónarmiða, sbr. stefnu stjórnvalda um lýðheilsu.
- Byggðastefna.

Afar mikilvægt er að stjórnvöld tryggi innlenda framleiðslu landbúnaðarafurða með lágu kolefnisfótspori til að koma í veg fyrir útgjöld til framtíðar vegna losunarkvóta.

Það eru gríðarlega mikil tækifæri í verðmætasköpun í landbúnaði í tengslum við loftslagsmál.

Innlend landbúnaðarframleiðsla sparar ekki bara gjaldeyri heldur skapar einnig verðmæti og yfir 10.000 störf á Íslandi




2.700 störf

8.000
afleidd
störf

framleiðslu-
virði
90 milljarðar
(2023)

Vöruviðskiptahalli Íslands árið 2022 hefði aukist um 69 milljarða króna eða 23%, ef engin landbúnaðarframleiðsla hefði verið á landinu.



Nauðsynlegt viðbragð: kostnaður sem fylgir því ef landbúnaður leggst niður

Innflutningur

Framleiðsla á fæðu hefur víðtækari áhrif en aðeins á þann sem neytir hennar. Hún hefur áhrif á umhverfi og náttúru ásamt því að skapa störf og vera mikilvægur drifkraftur í hagkerfinu. Matvælaframleiðsla er því hornsteinn hvers hagkerfis.

Á árinu 2022 var framleitt eftirfarandi magn af kjöti, grænmeti, mjólk og eggjum.¹

Afurð	Tonn
Kindakjöt	8.665
Nautakjöt	4.948
Hrossakjöt	951
Svínakjöt	6.369
Alifuglakjöt	9.502
Grænmeti	13.512
Egg	3.950
Mjólk	152.405

Sé þessu magni skv. framangreindri töflu deilt á hvern einstakling á landinu, íbúa og ferðamann, sést hversu nálægt Ísland er sjálfbærni þegar kemur að neyslu á landbúnaðarvörum.

	KG á mann á ári	KG á mann á dag
Kjöt	74	0,203
Grænmeti	33	0,090
Egg	10	0,026
Mjólk	371	1,018

Íslenskar landbúnaðarafurðir eru ekki aðeins hollar og framleiddar á heilnæman og

¹ Hagstofan

² Ef rýnt er í meðal innflutningsverð á kjöti í fyrra og það margfaldað með innanlandsframleiðslunni fáum við gróft mat á hversu mikið myndi kosta að flytja inn allt sem þarf til að fylla í gatið sem myndast.

³ Meðalverð árána 2021-2023 í tollflokknum 0401.1001 sem í fljótu bragði virðist

umhverfisvænan hátt heldur eru þær lífsviðurværi fjölda fólks, sem er forsenda þess að búseta sé um allt land.

Ef matvælaframleiðsla á Íslandi leggst af er ljóst að flytja þyrfti inn öll okkar matvæli. Ekki eru mörg ár síðan fólk stóð í röðum og birgði sig upp af helstu nauðsynjum þar sem hrikni í stoðum á flutningi aðfanga til landsins.

Hvað myndi það kosta að flytja allt inn sem þarf til að fylla í gatið sem myndast ef landbúnaður leggst af?²

Afurð	Vegið kg.verð	Milljarðar króna
Lambakjöt	2.680,2	23,2
Nautakjöt	2.257,9	11,2
Svínakjöt	644,1	4,1
Alifuglakjöt	678	6,4
Grænmeti	265,8	3,6
Egg	395	1,56
Mjólk	138 ³	21

Samanlagt eru þetta 71.06 milljarðar sem myndi kosta að flytja inn kjöt, grænmeti, mjólk og egg sem þegar er framleitt á Íslandi.⁴ Á sama tíma myndi allur útflutningur af íslenskum landbúnaðarafurðum leggjast niður en samkvæmt Hagstofu Íslands var virði hans um 6,8 milljarðar⁵. Við þetta hefðu hins vegar sparast 9 milljarðar í innflutningi á aðföngum í landbúnaði⁶


Er þetta tæplega 69 milljarða neikvæð viðbót á vöruviðskiptajöfnuð. Til viðmiðunar þá var vöruviðskiptahalli Íslands um 300 milljarðar árið 2022 og hefði hann því aukist um að minnsta kosti 23% við þessa breytingu, sem hefði haft keðjuverkandi áhrif á gengi krónunnar og hækkað innflutningsverð enn meira.

sambærilegastur hinni almennu íslensku mjólkurframleiðslu

⁴ Er þetta staðan miðað við framleiðslumagn og innflutningsverð ársins 2022 en stærðir og verð breytast á frá ári og þessir útreikningar geta sveiflast töluvert eru óvissuþættir þó nokkrir.

⁵ Útflutningur á flokkum 43, 44, 45, 46, 48 og 49 samkvæmt Hagstofuflokkun.

⁶ Áburði, fóðri og rúlluplasti.



Störf

Samkvæmt skráargögnum Hagstofunnar hafa um 2.700 manns landbúnað sem aðalstarf. Hefur sú tala lækkað töluvert undanfarið og sést skýrt í talnaefni Hagstofunnar hvernig sú þróun helst í hönd við þróun afkomu bænda.⁷ Leggist landbúnaður af á Íslandi er ljóst að öll þessi störf hverfa en einnig störf í iðnaði og þjónustutengdum störfum og stór skörð verði skorin í starfsstéttir í allri virðiskeðjunni. Áætlað er að afleidd störf í landbúnaði geti verið allt að 8.000.

Út frá þjóðhagslegu mikilvægi eru fá störf jafn mikilvæg og landbúnaður. Ekki aðeins er matvælaframleiðsla þjóðinni lífsnauðsynleg heldur er staðsetning þessara starfa hagkvæm út frá byggðarsjónarmiðum. Án þeirra væri hlutfallsleg fækkun íbúa í einstaka byggðum það mikil að ekki væri hægt að viðhalda lágmarks þjónustu og byggðirnar myndu leggjast af.

⁷ Stærsta breytingin í fjölda bænda er á tímabilinu 2018-2019, fljótlega eftir hrun í afurðaverði á lambakjöti.